

Hverfisráð Hlíða

Ár 2018, fimmtudaginn. 25. janúar, var haldinn 148. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 16.20. Viðstödd voru: Margrét M Norðdahl (S), Örn Þórðarson (D), Eva Baldursdóttir (S) Kristján Freyr Halldórsson (Æ) og Sigfús Ómar Höskuldsson (S), Jón Finnbogason (B) áheyrnarfulltrúi, Tryggvi Scheving frá Íbúasamtökum Hlíða, Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer umræða um málefni Háteigs- og Hlíðaskóla.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð þakkar fulltrúum SFS og USK kærlega fyrir góð svör og kynningu á þeim verkefnum sem eru framundan í skólum hverfisins.

Helgi Grímsson frá SFS, Rúnar Gunnarsson, Ómar Þórdórsson og Agnar Guðlaugsson frá USK, Þórður Óskarsson og Arndís Steinþórsdóttir frá Háteigsskóla taka sæti á fundi undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um tillögu að nýrri strætóleið þvert á 3 hverfi: Laugardal, Háaleiti og Hlíðar sem formenn viðkomandi hverfisráða eru að vinna með.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Tilgangur tillögunnar er að tengja saman skólastarf, frístundastarf og íþróttastarf milli þessara hverfa svo börn og ungmenni eigi auðvelt með að ferðast á milli. Það getur dregið úr umferð á álagstímum m.a. Þar sem þörfin fyrir skutl barna og ungmenna minnkar. Sýnt er að því fyrr sem börn venjast á strætó því líklegri eru þau til að nýta sér þá þjónustu í framtíðinni.

3. Fram fer umræða um hljóðmön og varnarvegg við Gunnarsbraut.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð þakkar fyrir góð viðbrögð hjá Umhverfis- og skipulagssviði við málinu sem tekið var fyrir á fundi USK með Vegagerðinni. Því hefur nú verið vísað til hönnunarteymis Miklubrautar við Klambratún. Það teymi á að koma með tillögur að úrbótum barna, samhliða því sem teymið kemur með tillögur að úrbótum í kjölfar öryggisrýni á Miklubraut við Klambratún.

4. Lagt er fram bréf frá skrifstofu borgarsjóra, dagsett 18. desember 2017. Breytingar á áheyrnarfulltrúum í hverfisráði Hlíða. Jón Finnbogason tekur sæti Snæðisar Karlsdóttur sem áheyrnarfulltrúi og Raket Dögg Óskarsdóttir tekur sæti sem varaáheyrnarfulltrúi í stað Björns Ívars Björnssonar.

5. Fram fer umræða um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Formaður sendi inn umsögn fyrir hönd hverfisráðs til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 20. desember 2017.

6. Fram fer umræða um breytta skipan í hverfisráð. Formaður sendi inn umsögn fyrir hönd hverfisráðs til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 7. janúar 2018.

7. Fram fer umræða um friðar- og nágrennaboð í Bólstaðarhlíð sem fram fór í desember 2017.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Þann 21. desember s.l. hélt hópur fólks friðar og nágrennaboð í Hlíðum, í Samfélagshúsinu / Félagsmiðstöðinni Bólstaðarhlíð 43. Nágrennar í Hlíðum ásamt góðu fólki buðu hælisleitendum í Reykjavík í boðið þar sem um 200 manns nutu

veitinga og góðrar samveru. Hverfisráð Hlíða var þátttakandi í boðinu og vill koma á framfæri þökkum til allra sem komu að boðinu á einn eða annan hátt. Þar viljum við nefna sérstaklega Samfélagshúsið í Bólstaðahlíð og starfsfólk þess og íbúa sem hýstu boðið og sáu um öll verkin í eldhúsinu og miklu meira, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, unglunga og starfsfólk í Félagsmiðstöðinni Gleðibankanum sem söfnuðu gjöfum og sáu um afþreyingu fyrir börnin í boðinu, starfsfólk og sjálfboðaliða Rauða krossins, Íbúasamtök Hlíða, Solaris - hjálparsamtök fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi, Listafólki fyrir tónlistarflutning og smíðjur með börnunum og fyrirtækjum og einstaklingum sem gáfu til boðsins mat, tíma, gleði og kærleika.

8. Fram fer umræða um Njálsgöturóló.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir góð viðbrögð Velferðasviðs, Umhverfis- og skipulagssviðs og Lögreglu við erindi ráðsins um að fara í aðgerðir til að sporna við fíkniefnasölu og neyslu á Njálsgöturóló. Okkur hugnast vel tillögur um úrbætur sem fram komu á sameiginlegum fundi undantalina aðila með Vínafélagi Njálsgöturóló í vetur en þar var rætt að stór bæta lýsingu og að grisja trén enn frekar. Setja kastara á Austurbæ (ef húsráðandi leyfir) og lýsa stíg og bílastæði upp. Einnig reisa 2-3 ljósastaura við stíginn austan við Austurbæ sem lýstu einnig inn á leiksvæðið. Lögreglan ætlar að efla eftirlitið með svæðinu og íbúar ætla að tilkynna oftari til lögreglunnar um það sem þeir verða vitnin af. Íbúar óskuðu eftir að sett yrði upp viðvörðunarkerki „A11.11 Börn“ við Njálsgötu. Einnig að settar yrðu fleiri ruslatunnur við Njálsgötu. Það kom einnig fram að mögulegt er að rjúfa steypa vegg á nokkrum stöðum þá helst austan við Austurbæ og meðfram Njálsgötu. Jafnvel opna hornið við götuna þar sem salan og neyslan er mest. Ákveðið var á staðnum að fyrsta skrefið yrði að bæta lýsinguna og það verður gert árið 2018. Síðar að rjúfa steypa vegginn sem umlykkur leiksvæðið því veggurinn hefur sögulegt gildi. Skoða þarf skipulag leiksvæðisins og nærumhverfi þess í heild áður en farið í slíkar breytingar.

Fundi slitið kl. 18:10

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Eva Baldursdóttir

Sigfús Ómar Höskuldsson
Kristján Freyr Halldórsson